

94

29. nóv.

L Ö G

um skyldu bæjar- og sveitarsjóða til að greiða uppbót
á laun skólustjóra og kennara við barnaskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Bæjar- og sveitarsjóðum ber að greiða sömu uppbætur á þann hluta grunnlauna skólustjóra og kennara við barnaskóla, sem greiða á úr bæjar- og sveitarsjóðum, samkv. 15. gr. launalaga nr. 60 1945, eins og ríkissjóður hefur greitt á sinn launahluta árin 1949 og 1950, samkv. þingsályktunum frá 18. maí og 20. des. 1949, og ber að greiða frá 1. júní til áramóta 1950, samkvæmt ákvæði 19. gr. 2. lið fjárlaga fyrir árið 1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. nóvember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

95

11. des.

L Ö G

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Gunnari Bergsteinssyni
sjóliðsforingja stýrimannsskirteini á íslenskum skipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að veita Gunnari Bergsteinssyni, sjóliðsforingja, undanþágu frá því að ganga undir farmanna- og varðskipapróf við Stýrimannaskólann í Reykjavík samkvæmt lögum nr. 100 23. júní 1936, um Stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té stýrimannsskirteini í innan- og utanlandssiglingum á íslenskum verzlunar- og varðskipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóraskirteini á sams konar skipum, eftir að hann hefur fullnægt ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Osló jafngilda íslenskum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. desember 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.